




Ísafjarðarbær  
Birgir Gunnarsson  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður



### Framhaldsaðalfundur Landskerfis bókasafna hf. 2021

Reykjavík, 9. júní, 2021.

Ágæti hluthafi.

Á aðalfundi Landskerfis bókasafna hf. sem haldinn var 19. maí síðastliðinn var ákveðið að fresta kosningu stjórnar til framhaldsaðalfundar. Boðað er til framhaldsaðalfundar Landskerfis bókasafna hf. mánudaginn 28. júní kl. 15:00. Fundurinn verður haldinn í gegnum Microsoft Teams fjarfundabúnaðinn. Litið er þannig á að umboð sem veitt voru fyrir fundinn 19. maí gildi áfram nema önnur fyrirmæli berist frá hluthafa.

Dagskrá fundarins er:

1. Kosning stjórnar
2. Önnur mál

Fulltrúar hluthafa tilkynna um þátttöku sína á fundinum með því að skrá sig inn á fundinn og hafa slökkt á hljóðnema en mynd á.

Framkvæmd kosninga verður með þeim hætti að fulltrúar rétta upp hönd með því að smella á mynd af hönd í efta horni Microsoft Teams (einnig hægt að nota flýtileið Ctrl + Shift + K) til að samþykka tillögur.

Slóðin á framhaldsaðalfundinn er <https://tinyurl.com/awvb4fdc> (slóðin mun einnig berast með tölvupósti þegar nær dregur fundi).

Ef fulltrúi lendir í vandræðum með að tengjast fundinum er hægt að senda póst á [hjalp@landskerfi.is](mailto:hjalp@landskerfi.is).

Virðingarfyllst, fyrir hönd stjórnar Landskerfis bókasafna hf.,

Sveinbjörg Sveinsdóttir  
framkvæmdastjóri